

Heimastjórn Borgarfjarðar - 53 (5.12.2024) - Undirskriftasöfnun gegn fyrirhugaðri friðlýsingu Stakkahlíðar í Loðmundarfirði

Málsnúmer : 202411028
Málsaðili : Ólafur Aðalsteinsson
Niðurstaða (stutt) :
Fundardagur : 05.12.2024

Inngangur :
Niðurstaða : Fyrir afgreiðslu þessa dagskrárliðar vakti Ragna S. Óskarsdóttir athygli á mögulegu vanhæfi sínu og var það samþykkt samhljóða. Ragna vék af fundi og í hennar stað kom Elísabet D. Sveinsdóttir varamaður inn á fundinn. Elísabet vakti einnig athygli á mögulegu vanhæfi sínu og var því einróma hafnað.

Fyrir liggur bréf frá Ólafi Aðalsteinssyni, dags. 6.11.2024, með undirskriftarlista gegn fyrirhugaðri friðlýsingu Umhverfisstofnunar á jörðinni Stakkahlíð í Loðmundarfirði.

Þann 28. september síðastliðinn stóð heimastjórn fyrir opnum kynningarfundi um friðlýsingar og möguleika sem felast í þeim. Eins og áður hefur verið fjallað um, fól þáverandi umhverfisráðherra, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, Umhverfisstofnun (UST) að hefja undirbúning að ferli friðlýsingar á jörðinni Stakkahlíð. Á fundinum kom fram hjá starfsmanni UST, Davíð Örvari Hanssyni, að ekki yrði farið í vinnu um friðlýsingu jarðarinnar gegn vilja íbúa og hagsmunaaðila.

Heimastjórn Borgarfjarðar, sem jafnframt gegnir hlutverki náttúruverndarnefndar, telur að ekki sé tímabært að slá af hugmyndir um friðlýsingu jarðarinnar að svo stöddu. Undirskriftarlistinn verður hafður til hliðsjónar við áframhaldandi vinnu málsins. Heimastjórn mun setja málið á dagskrá á næsta íbúafundi og hvetur íbúa til að mæta þar og viðra skoðanir sínar.

Heimastjórn samþykkir að vísa málinu til sveitarstjórnar og umhverfis- og framkvæmdaráðs. Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.